

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

FF17 – 2022 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.

Áhugamannafélög

- 1. Ferðafélag Akureyrar - Stækkun rotþróar í hálandismiðstöðinni í Dreka­gili.**
Kr. 1.540.800,- styrkur til að færa og stækka rotþró, sem er sunnan við snyrtihúsið í Dreka.
Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins varðandi innviðaup­byggingu og náttúruvernd á vinsælum og viðkvæmum ferðamannastað.
- 2. Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs - Uppbygging gönguleiða á Hafnarfjalli og Tindunum sjö.**
Kr. 4.080.000,- styrkur til að stækka bílaplan við upphaf gönguleiðarinnar, við þjóðveg 1. Á bílastæðinu er markmiðið að setja upp upplýsingaskilti um gönguleiðina á Hafnarfjall og Tindana sjö. Í gílinu við Vatnsveitustífluna er ætlunin að gera áningastað með bekk og borði og vatnshana með vatni úr gömlu vatnsveitunni. Þá er ætlunin að setja upp vegvísa á þremur stöðum á leiðinni upp á hæsta tind Hafnarfjall, sem jafnframt er sá fyrsti af Tindunum sjö. Þá á að setja tvískiptan vegvísi á hvern tind þar sem fram kemur annarsvegar nafn hans og hæð og hinsvegar vegalengd að næsta tindi, sem og nafnið á honum. Einnig er markmiðið að stíka leiðina á milli tindanna sjö. Umfangsmesti liður verkefnisins, og sá kostnaðarsamasti, er gerð og uppsetning útsýnisskífu á hæsta tind Hafnarfjalls þar sem fjöllum nær og fjær verða gerð góð skil. *Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, bætir úr skorti á grunnþjónustu og verndar náttúru. Það eykur afköst staðarins, bætir öryggi og rímar því ágætlega við margar helstu áherslur sjóðsins.*
- 3. Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs - Hönnun og undirbúningur ferðamannastaða á Englandi.**
Kr. 2.850.000,- styrkur til að hanna göngubrú yfir Tunguá, hanna stíga að og við Englands­laug ásamt salernis- og búninga­stöðu sem fellur vel að umhverfinu ásamt þeirri skipulagsvinnu sem til þarf vegna nýrra mannvirkja. Eins er sótt um styrk til að hanna og undirbúa lagfæringu á Pétursvirki og hönnun söguskiltis. Þá er ætlunin að tengja Englands­laug og Pétursvirki saman með göngustíg og búa um leið til hringleið um tíu kílómetra langa, sem liggur frá Hótel Basalt að Iðunnarstöðum, upp á hálsinn, þaðan að Hrútaborgum og Pétursvirki, niður hálsinn að Englands­laug, yfir Tunguá og meðfram þjóðveginum að Krosslaug og þaðan með ánni aftur að Iðunnarstöðum. Sótt er um styrk til að hanna og undirbúa umrædda gönguleið.
Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins varðandi öryggi ferðamanna, innviðaup­byggingu og náttúruvernd.

4. **Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs - Uppbygging Vatnaleiðar.**

Kr. 2.280.000,- styrkur til að auka enn frekar öryggi göngufólks og um leið auka ánægju af gönguferðum á svæðinu sem og að vernda umhverfið. Verkefnið felst í að stika, merkja alla leiðina, setja upp upplýsingaskilti sem verða við Hítarvatn og Langavatn og setja handrið á stíflu sem er í árósi við Hítarvatn

Verkefnið er prýðilegt innviðaverkefni, snýr að bættu öryggi, náttúruvernd og er auk þess á áfangastaðáætlun svæðisins.

5. **Gönguklúbbur Seyðisfjarðar - Göngubrú yfir Selsstaðaá í Kolstaðardal.**

Kr. 2.696.000,- styrkur til að setja upp 9,5 metra brú yfir ána. Öll smíði og frágangur verður sem snyrtilegastur með lágmarks inngripum í umhverfið. Til að brúin falli sem best að umhverfinu verður hún máluð í dökkgrænum lit. Undirstöður brúarinnar verða fluttar á staðinn á snjó, en brúin sjálf með þyrlu.

Brúin stuðlar að öryggi göngufólks, bætir aðgengi og kemur í veg fyrir myndum hentistíga og rímar því vel við helstu áherslur sjóðsins. Nauðsynlegt er að staðsetja brúnna fjarri brúninni vegna sjónmengunar.

6. **Halldóra Björk Norðdahl - Hjóla Vestfirðir / Cycling Westfjords.**

Kr. 1.822.661,- styrkur sem að setja upp upplýsingaskilti á Ísafirði um hjólaleiðirnar. Á leiðinni eru þrjár illa farnar aflagðar leiðir sem þarf að stika. Þær eru Þingmannaheiði, leiðin frá Botnsheiði til Bolungarvíkur og Kirkjubólsvegur frá Ísafirði upp að Þorskafjarðarheiði. Einnig þarf að stika leið frá aðalvegi í Önundarfirði upp að gamla veginum yfir Breiðadalsheiði.

Bættar merkingar munu gera íbúum svæðisins og gestum kleift að njóta svæðisins til fulls, bæta öryggi, auðvelda aðgengi og styrkja náttúruvernd fyrir ferðamenn. Styður við mögulegan nýjan segul í ferðamennsku, sem byggir á þeirri útivistarferðamennsku sem þegar er á svæðinu.

7. **Hestamannafélagið Geysir - áningarhólf að Fjallabaki 3.áfangi – Emstruleið.**

Kr. 714.900,- styrkur til að koma upp áningarhólfum frá Fossi á Rangárvöllum að Hvanngili.

Verkefnið speglar vel meginmarkmið sjóðsins, er varða náttúruvernd og öryggi ferðamanna.

8. **Hestamannafélagið Geysir - áningarhólf að Fjallabaki, 4.áfangi - Rangárvallafréttur/Laufaleitir.**

Kr. 1.110.400,- styrkur til að stýra því hver séu stoppistöðvar milli náttstaða fyrir hrossahópa á ferð um Fjallabak. Þannig er hægt að koma í veg fyrir gróðurskemmdir á viðkvæmu landsvæði og minnka slyshættu á ferðalögum hestamanna um hálendið.

Verkefnið speglar vel meginmarkmið sjóðsins, er varða náttúruvernd og öryggi ferðamanna.

9. **Miðgarðakirkja - Snyrtiaðstaða við Miðgarða í Grímsey.**

Kr. 13.200.000,- styrkur til að byggja snyrtiaðstöðu í Grímsey með aðgengi fyrir alla, sem jafnframt er opin alla daga, allan ársins hring. Reist verður sérhýsi, svo kallað skrudhús, sambyggt kirkjunni með sérinngangi að salernisaðstöðu.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, bætir úr skorti á grunnþjónustu og er mikil bót í aðgengismálum. Það eykur afköst staðarins og rímar því vel við margar helstu áherslur sjóðsins.

10. **Skógræktarfélag Reykjavíkur - Esjustígur - Öryggisaðgerðir og upplýsingar 2022.**

Kr. 7.512.000,- styrkur í öryggisaðgerðir og miðlun upplýsinga. Nauðsynlegt er að fjölga vegprestum á svæðinu við helstu stígamót til hjálpa ferðafólki að átta sig innan svæðisins. Einnig er áhugi á því að koma fyrir fleiri örnefnaskiltum á svæðinu en þau styðja við rétta örnefnanotkun og því verða minni líkur á misskilningi þegar viðbragðsaðilar þurfa að koma til aðstoðar. Mikilvægt er að aðskilja gangandi og hjólandi umferð í Sauðagili auk þess sem þörf er á að endurgera um 1.400 m af gömlum og illa förnum stígum í skóginum ofan Mógilsár.

Mjög verðugt innviðaverkefni, sem að stuðlar að auknu öryggi ferðamanna og bættri umgengni á viðkvæmu svæði.

Einstaklingar

1. **Bjarni Jón Finnsson - Úrbætur í Þakgili vegna náttúruverndar og öryggis á gönguleiðum.**

Kr. 1.764.846,- styrkur til útbúa stikur fyrir tvær gönguleiðir, merkja þær og mála. Ganga þarf gönguleiðirnar, setja stikur í stað þeirra sem ónýtar eru svo og bæta við stikum þar sem þarf t.d. á blinda punkta og víðar. Um leið þarf að útbúa skilti og leiðbeiningar um hvert skal ganga til að komast upp slóðann.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, stuðlar að náttúruvernd, bætir öryggi ferðamanna og speglar því vel meginmarkmið Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fyrirtæki

1. **Baggi ehf. - Upplýsinga og salernisaðstaða við Snædalsfoss.**

Kr. 20.884.224,- styrkur til byggja upplýsinga- og salernisaðstöðu við enda göngustígs frá Bragðavöllum og þar sem pallar við Snædalsfoss byrja. Lagt verður upp með í lokahönnun að það falli sem mest inní landslagið og verði lítt áberandi út á við, leitast verður eftir í byggingu að notuð séu sem umhverfisvæn/vottuð efni eins og kostur er. *Verkefnið er prýðilegt innviðaverkefni enda snýr það að bættri náttúruvernd, betra aðgengi og upplifun og er auk þess á áfangastaðaáætlun svæðisins.*

2. Ferðapjónustan Fossárdal ehf. – Hönnun útsýnispalla í Fossárvík.

Kr. 1.500.000,- styrkur til hönnunar og gerðar kostnaðaráætlunar vegna útsýnispalla við Nykurhylsfoss og Vondásfoss í Fossárvík. Verkefnið er hluti af fyrsta áfanga í uppbyggingu á áningarstað ferðamann í Fossárvík skv. deiliskipulagi.

Verkefnið stuðlar að náttúruvernd og bætir úr öryggi ferðamanna á mjög fjölförnum ferðamannastað. Því uppfyllir verkefnið vel meginmarkmið sjóðsins.

3. Gljásteyn ehf. - Endurnýjun og bætt aðstaða fyrir fatlaða á salernisaðstöðu í Árbúðum við Kjalveg.

Kr. 5.500.000,- styrkur til að endurnýja og bæta salernisaðstöðu fyrir fatlaða í Árbúðum við Kjalveg.

Verkefnið hugar að innviðum, bætir úr skorti á grunnþjónustu og aðgengi fyrir alla. Það eykur afköst staðarins, stuðlar að náttúruvernd og rímar því vel við margar helstu áherslur sjóðsins.

4. Íslandshótel hf. - Lagfæring á landi við Grófarlækjarsfoss, Hnappavöllum í Öräfum.

Kr. 20.722.263,- styrkur til að bæta aðstöðu við Grófarlækjarsfoss. Gera varanlegt bílastæði og afmarka það. Staðurinn býður upp á mikla möguleika, stýra þarf flæði gesta um svæðið til að léttu álagi á viðkvæmt land. Laga yfirborð göngustíga tengja við nýja. Ætlunin að gera vandaðan áningastað sem hæfir fossinum. Gönguleiðir upp með gilinu þarf að merkja betur og afmarka ákveðna útsýnisstaði.

Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins varðandi innviðaupbyggingu, öryggi ferðamanna og náttúruvernd.

5. Kambagil ehf. - Göngustígur við Svartagljúfur.

Kr. 4.800.000,- styrkur í göngustíg sem mun liggja þar sem gljúfrið endar og upp að efsta fossi gljúfursins þar sem Hengladalsáin steypist ofan í gljúfrið. Þessi gönguleið mun auka fjölbreytileika svæðisins sem er nú þegar mikið sótt af ferðamönnum og heimamönnum, sérstaklega vegna gönguleiðarinnar inn í Reykjadal.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og endurspeglar ágætlega helstu áherslur sjóðsins hvað varðar náttúruvernd og aukið öryggi ferðamanna á veiku svæði.

6. Katla Jarðvangur ses.- Bætt öryggi með nýjum útsýnisstíg og myndatökustað við Eyjafjallajökul.

Kr. 35.837.307,- styrkur til að klára að hanna og deiliskipuleggja og síðan framkvæma stíg ásamt útsýnishól þar sem umfjöllun Eyjafallagossins verður gerð góð skil.

Verkefnið er sérstaklega brýnt vegna öryggissjónarmiða en hefur einnig breiða skírskotun í aðrar megináherslur sjóðsins. Ekki er um fulla styrkupp hæð að ræða.

1. **Látrar í Aðalvík - Uppbygging lendingaraðstöðu til að tryggja aðgengi og öryggi ferðamanna.**

Kr. 4.782.294,- styrkur til laga bryggju sem fór illa í óveðrum vegna ágangs sjávar.

Verkefnið felst í því að styrkja bryggjuna sjálfa og stórauka þannig öryggi ferðamanna á þessum viðkvæma ferðamannastað.

2. **Jökuldalur slf - Stuðlagil – Bætt öryggi við aðkomu.**

Kr. 22.590.000,- styrkur í að ljúka yfirborðsvinnu við aðkomu við Stuðlagil til að auka öryggi fólks bæði varðandi umferð bíla og göngufólks. Setja bundið yfirborð á bílastæði og stíga með máluðum merkingum, handrið við enda bílastæðis til að hindra að keyrt er fram af.

Verkefnið stuðlar að náttúruvernd og bætir úr öryggi ferðamanna á mjög fjölförnum ferðamannastað. Því uppfyllir verkefnið vel meginmarkmið sjóðsins.

3. **Marteinn Óli Aðalsteinsson - Útsýnis - og áningastaðir á austurbakka Stuðlagils.**

Kr. 31.250.044 styrkur til að bæta aðstöðu og öryggi gesta á austurbakka Stuðlagils. Einnig að bæta upplýsingagjöf til gesta. Verkefnið felur í sér uppbyggingu á útsýnisstöðum og áningarstöðum í og við Stuðlagil í landi Klaustursels. Uppbygging felst í gerð verkhönnunar og verklegum framkvæmdum vegna útsýnis- og áningarstaða. Einnig að koma upp varanlegum varúðar og upplýsingaskiltum í og við Stuðlagil austanvert. Á skiltum verða gestir upplýstir um hættur á svæðinu t.d. grjóthrun og fallhættu, ásamt fræðslu um sögu og menningu svæðisins.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun en það stuðlar að náttúruvernd og bætir úr öryggi ferðamanna á mjög fjölförnum ferðamannastað. Því uppfyllir verkefnið vel meginmarkmið sjóðsins.

4. **Sif Matthíasdóttir - Skipulag, hönnun og merkingar vegna ferðamennsku á og við Drápuhlíðarfjall.**

Kr. 4.384.000,- styrkurinn felur í sér öflun upplýsinga, skipulagsvinnu, stikun (merkingu) gönguleiða og uppsetningu kynningaspjalda við fjallið. Deiliskipulagstillaga verður unnin fyrir afmarkað svæði á láglandi, sem mun verða skilgreint sem útivistarsvæði/skógræktarsvæði. Verkefnið hefur öryggi ferðamanna og náttúruvernd að leiðarljósi, því auk uppsetningar á skiltum með kynningarefni og leiðbeiningar, verður svæðið stíkað. Með þessu er stefnt að því að bæta öryggi ferðamanna, auk þess sem ónotaðir slóðar fá að gróa upp.

Verkefnið er prýðilegt innviðaverkefni enda snýr það að bættu öryggi, náttúruvernd á þessu sérstaka fjalli og er auk þess á áfangastaðaáætlun svæðisins.

5. Stokkar og steinar sf. – Kistuvogur.

Kr. 14.501.180,- styrkur sem miðar að því að gera þetta svæði aðgengilegt og öruggt. Talsverð aukning gesta um svæðið hefur átt sér stað síðustu ár og hafa nokkuð margir villustígar myndast. Þar sem þetta er að hluta ræktuð tún og að hluta votlendi, er vont að hafa ekki stjórn á umferð um svæðið. Einnig er það vilji landeiganda að fólk fái að njóta sögu svæðisins og að tryggja sem besta upplifun fólks sem leggur leið sína þangað. Allt kapp er lagt á að göngustígurinn falli vel að landslagi og að hann ýti undir þá upplifun að heimsækja svæðið. Efnisval skal að eingöngu vera staðbundið.

Verkefnið felst í að bæta innviði sem rímar vel við áherslur sjóðsins og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.

6. Valdimar Össurason - Aðstaða ferðamanna í Kollsvík.

Kr. 11.200.000,- styrkur veittur í uppbyggingu á aðstöðu og bættrar upplifunar ferðafólks í Kollsvík; auk öryggis og verndar náttúru. Uppbyggingin felst einkum í þremur þáttum; salernisaðstöðu, gönguleiðamerkingum og skiltum til fræðslu og leiðbeininga.

Verkefnið lýtur að nokkrum mikilvægum áherslum sjóðsins. Það bætir grunnþjónustu og öryggi, stuðlar að náttúruvernd, eflir nýjan ferðamannastað og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.

Sveitarfélög

1. Árneshreppur - Öryggismál og aðgengi ferðamanna við Norðurfjarðarhöfn.

Kr. 55.000.000,- styrkur til í að hámarka upplifun gesta, tryggja öryggi þeirra og um leið að efla núverandi samfélag og þá þjónustu sem það vill bjóða upp á. Lögð verður áhersla á að vinna með vistvænar lausnir í framkvæmdum og í öllum innviðum. Að flétta saman sjávarplássið við Norðurfjörð, þjónustu við ferðamenn í sátt og samlyndi við íbúa og náttúru. Unnið verður að góðu aðgengi með tilliti til öryggis í tengslum við núverandi starfsemi. Skilgreindar verða öruggar gönguleiðir og flæði um svæðið. Aðgengi fyrir fatlaða verður stórbætt.

Uppbygging innviða og frágangur á vaxandi ferðamannastað sem er á viðkvæmu og fámennu svæði. Ekki er um fulla styrkupp hæð að ræða þar sem ekki er veittur styrkur þjónustuhús, flotbryggju og þvottaplan.

2. Ásahreppur - Gönguleið á Þóristind.

Kr. 6.240.000,- styrkur til að „trakka“ og stika c.a. 3 km gönguleið. Afmarka þarf slóða útaf Veiðivatnaleiðinni og afmarkabílaplan. Það þarf að hanna skilti sem þarf að vera sögu-, upplýsinga-, öryggis og náttúruskilti. Það þarf að koma skiltinu upp. Og einnig þarf að setja vegpóst þannig að gestir viti hvar þeir eiga að keyra út af Veiðivatnaleiðinni.

Bættar merkingar og stikun munu gera gestum kleift að njóta svæðisins til fulls, bæta öryggi, auðvelda aðgengi og styrkja náttúruvernd fyrir ferðamenn.

3. Ásahreppur - Kláfurinn á Tungná.

Kr. 6.184.000,- styrkur til að laga kláfinn þannig að hann líti þokkalega út og setja upp öryggishandrið sitt hvoru megin. Setja þarf upp söguskilti og afmarka slóða og bílastæði.

Verkefnið felst í bættu öryggi við kláfinn, bílastæðið og slóðann. Upplýsingaskiltum er ætlað stýra umferð og bæta upplifun ferðamanna. Verkefnið tónar því vel við áherslur sjóðsins.

4. Ásahreppur - Búðarhálsfoss í Þjórsá.

Kr. 5.200.000,- styrkur til stika veginn á hálsinum, setja þarf vegvísa þar sem er beygt út af veginum inn á vegslóða í vestur í átt að ánni. Sá slóði er keyrður og þá þarf að afmarka plan þar sem væri annað upplýsingaskilti. Þaðan þarf síðan að stika gönguslóða niður að fossinum. Það þarf að laga akstursslóðann örlítið svo ekki sé verið að keyra út fyrir hann þegar bleyta er á veginum. Aðeins þarf að laga afmörkun bílastæðis. Hanna og setja þarf upp söguskilti.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og endurspeglar ágætlega helstu áherslur sjóðsins hvað varðar náttúruvernd og aukið öryggi ferðamanna á viðkvæmu svæði.

5. Ásahreppur - Ganga fyrir alla á Vatnsfell.

Kr. 6.240.000,- styrkur til gera gönguleið fyrir alla fjölskylduna og vernda náttúru og tryggja öryggi ferðamanna. Marka þarf bílaplan, setja upp skilti sem fram kemur bæði öryggis og náttúrumarkmið, stika þarf gönguhring upp Vatnsfell og þaðan hringur aftur að bílaplaninu. Loka þarf villuslóðum bæði með grjóti og eins þarf að endurheimta staðargróður

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Suðurlands og endurspeglar ágætlega nokkrar helstu áherslur sjóðsins, meðal annars hvað varðar náttúruvernd og aukið öryggi ferðamanna.

6. Fjarðabyggð - Streytishvarf 1.

Kr. 2.800.000,- styrkur til að hanna aðkomu svæðisins með það fyrir augum að tryggja sjálfbærni þess og vernda vistkerfið.

Verkefnið fellur vel að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þegar kemur að áfangastaðaáætlunum, náttúruvernd, og öryggi og hefur einnig breiða skírskotun í önnur viðmið sjóðsins.

7. Fjarðabyggð - Franski grafreiturinn í Fáskrúðsfirði.

Kr. 8.851.000,- styrkur til að stækka núverandi bílastæði svo hægt sé að leggja hið minnsta einni rútu og þrem bílum, stígar lagfærðir og girðing endurgerð. Einnig að loka hentugleika stígum og græða upp svæði sem er farið að láta á sjá vegna traðks.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og endurspeglar helstu áherslur sjóðsins hvað varðar náttúruvernd og aukið öryggi ferðamanna á svæðinu. Horft er til þess að staðurinn hefur tilfinningalegt vægi fyrir afmarkaðan hóp erlendra ferðamanna.

8. Fjarðabyggð - Búðarárfoss.

Kr. 2.248.640,- styrkur til að undirbúa svæðið með vinnu við að finna palli og stíg besta stað í landinu, hanna og fella vel að landslagi. Gera þarf ráð fyrir palli og göngustíg sem þolir það álag sem er fyrir á svæðinu og við enda gönguleiðar sé hægt að skoða fossinn og upplifunarpættir eins og hljóð, vatn og náttúra svæðisins.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, stuðlar að náttúruvernd, eykur öryggi, bætir úr skorti á grunnþjónustu og speglar því vel meginmarkmið sjóðsins.

9. Fljótsdalshreppur - Hengifoss – bætt aðstaða og verndun náttúru.

Kr. 7.540.000,- styrkur til að leggja nýja göngustíga við Hengifoss og viðhalda þeim eldri, bæta merkingar og afmarka áningar- og útsýnisstaði til að draga úr gróðurskemmdum og minnka slyshættu göngufólks.

Verkefnið er brýnt vegna öryggis- og náttúru- verndarsjónarmiða. Þessi vinsæli ferðamannastaður er á áfanga- staðaáætlun og verkefnið því í samræmi við megináherslur sjóðsins.

10. Fljótsdalshreppur - Strútsá - endurbætur á göngubrú.

Kr. 1.000.000,- styrkur í að endurnýja gólfið í brúnni og setja handrið á hana til að auka öryggi göngufólks sem leggur leið sína yfir hana ásamt því að laga stíga í brekkum að henni beggja vegna. Brúin er mikilvæg fyrir þá sem vilja skoða Strútsfoss af suðurbakka árinna eða ganga lengra inn dalinn.

Verkefnið fellur ágætlega að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þegar kemur að áfangastaðaáætlunum, öryggi og náttúruvernd.

11. Húnavatnshreppur – Hvammsfoss.

Kr. 7.704.000,- styrkur til að koma fyrir göngustíg, bifreiðastæði og lýsingu á gönguleið og við foss.

Verkefnið felst í bættu öryggi við fossinn, bílastæði, göngustíg og lýsingu. Verkefnið tónar því ágætlega við áherslur sjóðsins. Veitt með fyrirvara um samþykki landeiganda.

12. Húnavatnshreppur – Vatnsdæla.

Kr. 12.000.000,- styrkur til að halda áfram þeirri uppbyggingu sem hefur verið á söguviði Vatnsdæla, vegna fjölda ferðamanna sem sækja söguviðið heim ár hvert. Uppfæra skilti og endurnýja gönguleiðir að áningarstöðum

Uppbygging innviða og frágangur á viðkvæmum ferðamannastað. Verkefnið er hluti af stærri samhangandi heild í upplifun ferðamanna, bætir hana, eykur aðdráttarafi staðarins og er á áfangastaðaáætlun svæðisins. Veitt með fyrirvara um samþykki landeiganda.

13. Húnavatnshreppur – Þrístapar salerni.

Kr. 31.000.000,- styrkur til að koma fyrir salerni við Þrístapa.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun og það tónar vel við áherslur sjóðsins varðandi innviðauppbyggingu, náttúruvernd og fleiri atriði.

14. Húnaþing vestra – Hvammstangi - Dýralífs og náttúruskoðun. Bætt öryggi og ásýnd.

Kr. 3.800.000,- styrkur til að gera örugga gönguleið með pollum og köðlum frá viðlegukanti selaskoðunarbáts og áleiðis að Selasetrinu til að tryggja öryggi ferðamanna og bæta upplifun. Einnig hönnunar á dvalarsvæði í fjöruborðinu við Selasetrið til að bæta aðgengi þangað, gera aðlaðandi og tengja við náttúru- og dýralífsskoðun en þaðan má oft sjá seli, hvali og fjölskrúðugt fuglalíf.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og endurspeglar helstu áherslur sjóðsins hvað varðar betri upplifun og aukið öryggi ferðamanna á vinsælum ferðamannastað.

15. Hvalfjarðarsveit - Glymur í botni Hvalfjarðar.

Kr. 3.500.000,- styrkur í að halda áfram með vinnu með öryggi á ferðamannastað sem björgunarfélagið hefur útfært á sínum faglegri aðferð og unnið úr náttúrlegum eignum á svæðinu.

Verkefnið felst í að bæta innviði, sem rímar vel við áherslur sjóðsins og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.

16. Ísafjarðarbær - Göngustígur að Klofningi.

Kr. 1.208.800,- styrkur til að laga (eftir aðferðafræði náttúrustíga), stika og setja skilti við upphaf gönguleiðar, 300 metra leið niður að Klofningi. Ekki er áætlað að breyta ásýnd lands með stignum, heldur halda sig við aðferðafræði náttúrustíga og laga staði þar sem fólki gæti skrikað fótur eða misstigið sig.

Verkefnið kemur í veg fyrir skemmdir og eykur öryggi ferðamanna. Það bætir virkni staðarins og upplifun gesta.

17. Ísafjarðarbær - Útsýnispallur og aðgengi að fjöru á Flateyri.

Kr. 4.288.000,- styrkur til að hanna útlit, gera verkeikningar og kostnaðaráætlun á byggingu útsýnispallar á sjóvarnargarði vestan við sundlaug Flateyrar og annan minni sunnarlega á sjóvarnargarðinum, ásamt því að gera fjöruna aðgengilega með stigum/tröppum í tengslum við útsýnispallana.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og endurspeglar helstu áherslur sjóðsins hvað varðar aukið öryggi ferðamanna og bætt aðgengi á veiku svæði.

18. Múlaþing - Útsýnissvæði á Bjólfi: fullnaðarhönnun á Baugi Bjólfs.

Kr. 24.000.000,- styrkur til að vinna áfram vinningstillögu úr hugmyndasamkeppni um útsýnissvæði á Bjólfi.

Verkefnið er áhugavert sem fellur vel að megináherslum sjóðsins og er á áfangastaðaáætlun Austurlands. Um er að ræða vel hannaða og varanlega lausn í kjölfar hönnunarsamkeppni. Þar sem um nýja uppbyggingu er að ræða, er ekki öll fyrirhuguð uppbygging styrkt. Stjórn sjóðsins ákvað styrk að upphæð 24 milljónir króna í fyrstu tvo áfanga hönnunarferlis.

19. Mýrdalshreppur - Útsýnispallur í hlíðum Reynisfjalls.

Kr. 17.100.000,- styrkur til búa til nýjar gönguleiðir, aðbúnað og útsýnispall í fjallshlíðinni þar sem fyrir er straumur fólks við óöruggar aðstæður. Þannig verður umferð um svæðið stýrt á skýran hátt. Í bratta niður frá núverandi vegi á fjallinu verða bæði lagðar tröppur sem og rampur niður að útsýnispalli til að skapa aðgengi fyrir alla. *Metnaðarfull uppbygging varanlegra innviða og frágangur á vinsælum ferðamannastað. Verkefnið bætir aðgengi fyrir alla, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.*

20. Rangárþing eystra - Gluggafoss - stígar austan megin við fossinn.

Kr. 1.243.671,- styrkur til að útbúa varanlega stíga austan megin við Gluggafoss þar sem svæðið er mjög blautt, hentistígar myndast og náttúran liggur undir skemmdum. Mikil slyshætta verður þegar blautt er í veðri og gestir á svæðinu ganga upp með fossinum og fara fram á ótrausta brún en efri hluti fossins rennur um jarðlög úr móbergi sem molna auðveldlega. *Verkefnið snýr að gerð göngustíga og verndun viðkvæmrar náttúru. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands og rímar vel við meginmarkmið sjóðsins.*

21. Rangárþing eystra – Landeyjasandur – bætt aðgengi og öryggi.

Kr. 4.512.936,- styrkur til að bæta öryggi ferðamanna og íbúa sem leggja leið sína í Landeyjasand stutt frá Landeyjahöfn. Grindur/mottur verða settar upp við bílastæðið þar sem upplýsinga- og öryggiskilti sem verða sett upp. Á upplýsingaskilti verður sýnd vegalengd að skipsflakinu sem er að finna í sandinum 1,22 km frá bílastæðinu og þá vá sem ber að varast á sandinum. Skilti sem bendir á hættur þarf líka að vera við inngang í sandfjöruna frá þjónustumiðstöð í Landeyjahöfn. Háspennustrengir liggja í sandinum og nauðsynlegt er að setja upp viðvörunarskilti um þetta á íslensku og ensku. Leiðin að skipsflakinu verður svo stikuð með kaðli festum á stálstaura. *Verkefnið er þrýðilegt innviðaverkefni enda snýr það að bættu öryggi á varasömum slóðum auk annarra mikilvægra þátta. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins.*

22. Rangárþing eystra - Efra-Hvolshellar: Bætt aðkoma, stíga- og skiltagerð.

Kr. 1.655.186,- styrkur til að afmarka svæðið betur sem og setja upp öryggis- og upplýsingaskilti í samvinnu við Kötlu jarðvang. Laga þarf stíginn frá bílastæðinu og að tröppunum niður að hellunum sem og setja nýtt hlið á leiðina sem að þjónustar bæði þeim sem heimsækja svæðið sem og landeigendum sem nýta hluta leiðarinnar sem beitarland. Tröppurnar eru orðnar eyddar og öryggi er ábótavant þar sem að þær verða verulega sleipar og eru mjög brattar. Niðri við hellana þarf að setja upp jarðvangsskilti sem að fer yfir öryggismál inni í hellunum. *Verkefnið lýtur að nokkrum mikilvægum áherslum sjóðsins. Það bætir grunnþjónustu og öryggi, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.*

23. Rangárþing ytra – Fossabrekkur.

Kr. 55.200.000,- styrkur sem snýr að hönnun og framkvæmd sem byggir á fyrirliggjandi deiliskipulagi sem er á lokametrinum. Helstu markmið deiliskipulagsins eru

eftirfarandi: Auka öryggi allra vegfarenda. Bæta aðgengi að náttúru. Vernda náttúru og ásýnd svæðisins. Stuðla að upplifun sem byggist á náttúrufegurð og staðaranda. Fræða vegfarendur um náttúru og sögu svæðisins.

Verkefnið eykur öryggi ferðamanna og styrkir náttúruvernd á viðkvæmu svæði. Einnig bætir það úr skorti á grunnþjónustu, mun auka afköst svæðisins. Sjóðurinn beinir því til umsækjanda að gæta að sjónrænum áhrifum útsýnispalls og hafa hann ekki stærri en nauðsyn krefur. Þar sem um nýja uppbyggingu er að ræða, eru ekki öll uppbyggingin styrkt. Ekki er um fulla styrkuppþæð að ræða. Styrkur veittur með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

24. Reykhólahreppur – Fullnaðarhönnun Kúalaugar og útboðsgögn.

Kr. 2.600.000,- styrkur til ljúka hönnunarvinnu við Kúalaug.

Verkefnið fellur vel að áherslum sjóðsins þegar kemur að öryggi ferðamanna, svæðisbundinna áfangastaðaáætlana og hefur einnig breiða skírskotun til fleiri þátta. Veitt með fyrirvara um samþykki landeiganda.

25. Reykjanes jarðvangur ses. - Upplýsinga- og þjónustumiðstöð við Reykjanesvita - Hönnun.

Kr. 13.420.000,- styrkur til að hefja hönnun og undirbúning að byggingu upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar við Reykjanesvita og samræma hana uppbyggingu heildarupplifunarsvæðis. Lögð verður áhersla á að hönnun hússins og staðsetning falli vel að umhverfinu og vinni þannig með heildarásýnd svæðisins. Þá sé gert ráð fyrir að miðstöðin verði miðja upplifunarsvæðis og upphafspunktur fjölda gönguleiða á svæðinu.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, bætir úr skorti á grunnþjónustu og aðgengi fyrir alla. Það eykur afköst staðarins, bætir öryggi og rímar því vel við margar helstu áherslur sjóðsins. Sjóðurinn styrkir þá hönnun sem sótt er um, en bendir umsækjanda á að þegar kemur til framkvæmda getur sjóðurinn ekki styrkt þann hluta framkvæmdarinnar sem snýr að rekstri, hvort sem það er veitingarekstur eða sýningahald, verði sótt um til sjóðsins. Fyrirvari um að það sé óhindrað aðgengi ferðamanna um svæðið eins og kemur fram í umsókn.

26. Reykjanesbær – Fuglaskoðunarhús á Fitjum.

Kr. 20.000.000,- styrkur til að bæta aðgengi í Njarðvíkurfitjum til fuglaskoðunar, til að tryggja öryggi gesta og vernda svæðið fyrir ágangi og byggja útsýnispall til fuglaskoðunar, til að tryggja öryggi gesta og lágmarka rask og truflun fugla á svæðinu. *Uppbygging innviða og frágangur á viðkvæmum náttúruskoðunarstað. Verkefnið bætir aðgengi, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.*

27. Snæfellsbær- Bjarnarfoss.

Kr. 3.680.000,- hönnunarstyrkur sem miðar að því að bæta vegvísun, upplýsingagjöf og öryggi á áningarstaðnum við Bjarnarfoss

Verkefnið kemur í veg fyrir skemmdir á náttúru og eykur öryggi ferðamanna. Það bætir virkni staðarins og fellur því vel að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

28. Stykkishólmsbær – Klofið við Stöngina.

Kr. 15.800.000,- styrkur í fyrir áframhaldandi uppbyggingu við Súgandisey í samræmi við vinningstillögu hönnunarsamkeppni. Um er að ræða uppsetningu á handriði og minniháttar jarðvegsframkvæmdir austanmegin á eyjunni sem gefa gestum eyjarinnar kost á því að skoða Stöngina, bergdrangana sem stendur austan við eyjuna. Í sömu atrennu er sótt um styrk fyrir handriðum norðan- og sunnanmegin á eyjunni skv. deiliskipulagi. Er þessi framkvæmd liður í því að dreifa álagi á eyjunni þegar margir sækja hana á sama tíma og um leið tryggja öryggi gesta.

Mjög verðugt innviðaverkefni, sem byggir á heilstæðri stefnumörkun í kjölfar samkeppni. Verkefnið stuðlar að auknu öryggi ferðamanna og bættri umgengni á viðkvæmu svæði.

29. Sveitarfélagið Hornafjörður Múlagljúfur - uppbygging fyrsta áfanga náttúrulegrar gönguleiðar og hönnun til framtíðar.

Kr. 3.760.000,- styrkur til að fá fagaðila til að leggja mat á núverandi göngustíg sem liggur upp að Múlagljúfri og koma með tillögur að nánari uppbyggingu. Lögð verður áhersla á lágstemmda uppbyggingu þar sem nýtt verður efni úr nánasta umhverfi.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og endurspeglar helstu áherslur sjóðsins hvað varðar náttúruvernd og aukið öryggi ferðamanna á viðkvæmu svæði. Áhugaverð uppbygging á lítið þekktum ferðamannastað.

30. Sveitarfélagið Skagafjörður - Ketubjörg - Aðgengi og öryggi ferðamanna – 2. hluti.

Kr. 23.693.200,- styrkur til að hefja framkvæmdir í að stór-bæta aðgengi og aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu. Búið er hanna tvö bílastæði við tvo útsýnisstaði að skipuleggja og hanna merkingar á svæðinu, hanna göngustíga og öryggisráðstafanir við björgin.

Verkefnið fellur vel að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þegar kemur að stýringu ferðamanna, áfangastaðaáætlunum, náttúruvernd og öryggi.

31. Sveitarfélagið Skagaströnd Spákonufellshöfði - Gönguleiðir og fuglaskoðun.

Kr. 15.207.648,- styrkur til að bæta aðgengi og vernda fugla- og plöntulíf á Spákonufellshöfða með því að stýra ferðamönnum um ákveðin svæði og hvetja þá til að fara ekki af göngustígum. Verkefnið felur í sér úrbætur á göngustígum, frágangi á bílastæði sem og hönnun og byggingu á fuglaskoðunarhúsi sem vöntun er á. Fuglalífið einkennist af sjófuglum og mófuglum og má finna fræðsluskilti um fugla og plöntur á göngu um svæðið.

Uppbygging innviða og frágangur á viðkvæmum náttúruskoðunarstað. Verkefnið bætir aðgengi, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.